

BORGARRÁÐ 25. janúar 2024: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað borgarinnar vegna veisluhalda borgarfulltrúa - MSS24010213

Vikuna 15. – 21. janúar hélt borgarfulltrúi og oddviti Samfylkingarinnar fjórar veislur í tilefni þess að hann væri að láta af embætti borgarstjóra og að taka við formennsku í Borgarráði. Að bminnsta kosti þrjár af þessum fjórum veislum voru kostaðar af skattgreiðendum. Spurt er hver var heildarkostnaður borgarsjóðs vegna veisluhalda Dags B. Eggertssonar og óskað er eftir sundurliðun þess kostnaðar. Einnig er spurt hvort háttsettir embættismenn og borgarfulltrúar njóti jafnan þeirra sérkjara að fá að taka Höfða á leigu til einkasamkvæma og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá að taka Höfða á leigu. Hvernig er sótt um það og hvað kostar það að jafnaði að leigja Höfða?